
1996 nr. 14 11. mars

**Lög um flutninga á skipgengum vatna-
leiðum vegna aðildar Íslands að Evrópska
efnahagssvæðinu**

Tóku gildi 15. apríl 1996. EES-samningurinn: XIII. viðauki. Breytt með 1. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og 1. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við innanríkisráðherra eða innanríkisráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Markmið laga þessara er að tryggja gagnkvæman frjálsan aðgang skipa, sem skráð eru í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, að skipgengum vatna-
leiðum innan EES.

■ **2. gr.** [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að setja reglugerðir að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga á grundvelli 1. gr. laga þessara.²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 217. gr. ²⁾ Augl. 117/1997.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.